

Námsáætlun fyrir textílmennt - 4. bekkur  
skólaárið 2019 – 2020



Kennari: Birna Petrína Sigurgeirsdóttir  
Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku hálf t skólaárið

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<b>Handverk, aðferðir og tækni</b>	<p>-notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum</p> <p>-unnið úr nokkrum gerðum textílefna</p> <p>-unnið eftir einföldum leiðbeiningum</p>	<p>Vélsaumur - nemendur fá kennslu í umhirðu saumavéla og vinna þjálfunarverkefni í pappír. Sníða og sauma bangsa úr flísefni.</p> <p>Læra slétt prjón, prjóna fatnað eða fylgihluti fyrir bangsann.</p> <p>Krosssaumur - sauma útsaumsmynd í java með perlugarni og nota sem skreyti á púða.</p> <p>Blautþæfing - þæfa ullarkembu og nota sem púðaborð.</p>	<p>Frammistaða í tímum er metin.</p> <p>Vinnubrögð og færni er metin í gegnum verklega vinnu.</p>
<b>Sköpun, hönnun og útfærsla</b>	<p>-tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu</p> <p>-skreytt textílvinnu á einfaldan hátt</p> <p>-gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni</p> <p>-leitað að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum</p>	<p>Bangsaverkefni- nemendur hanna og sauma föt á bangsann.</p> <p>Sauma púða úr ullarkembu og nota útsaum sem skreyti.</p> <p>Notast er við netmiðla við hugmyndavinnu og myndbönd af youtube tengd efnisfræði skoðuð.</p> <p>Bækur tengdar textíl um fatnað fyrr og nú skoðaðar.</p>	<p>Metin er hugmyndavinnu sköpun og útfærsla á eigin hugmyndum við verkefnavinnu.</p>

<p><b>Menning og umhverfi</b></p>	<p>-sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt</p> <p>-sagt frá nokkrum tegundum textílefna</p> <p>-fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna</p> <p>-notað ný og endurunnin efni í textílvinnu</p>	<p>Nemendur læra um íslensku ullina og helstu eiginleika hennar.</p> <p>Nemendur vinna með flísefni, bómull og ull í verkefnum sínum.</p> <p>Kynning og umræður um fatnað fyrr og nú út frá athöfnum, tilefna og veðri.</p> <p>Kynning og umræður um íslenska þjóðbúninginn og gildi hans.</p> <p>Fatnaður á bangsann er saumaður úr afgangsefni.</p>	<p>Metin er skilningur nemenda á mismunandi textílefnum.</p> <p>Metin er hæfi til að vinna með ólík textílefni við verkefnagerð.</p>
<p><b>Námsgögn:</b> Bækur, blöð og snið sem tengist textíl, verkefnahugmyndir og fræðslumyndbönd af veraldarvefnum ásamt efniviði og verkfærum í eigu skólans.</p>			
<p><b>Lokanámsmat:</b> Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.</p>			